

Reykjavík 11. apríl 2023.

Tillaga að óverulegri breytingu á skilmálum deiliskipulags „Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, Almanadalur og Fjárborg“

sem samþykkt var í borgarráði 23.09.2003, síðast breytt 28.04.2022

Höfundar deiliskipulagsins eru Landslag ehf., landslagsarkitektar FÍLA, byggingarskilmálar voru unnir í samvinnu við Helga Hafliðason, arkitekt FÍA



Breytingin felst í því að bætt er við skilmála í kafla **3.1.5 Rúlluplan** um losun uppgröfts á rúlluplönin vegna framkvæmda við nýjar lóðir innan deiliskipulagsmarka.

Texti í gildandi skilmálum í kafla 3.1.5 Rúlluplan er eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir tveimur geymslusvæðum fyrir heyrúllur, um 2000m² annars vegar og um 1360m² hins vegar, sjá staðsetningu á uppdrætti. Vanda skal frágang við fláa á rúlluplani. Hámarkshalli 1:3. Gróðursetning trjágróðurs.

Bætt er við eftirfarandi skilmála við kafla 3.1.5 Rúlluplan:

Heimilt er að losa jarðvegsefni úr lóðum nýbygginga, sem eru innan marka deiliskipulagsins, á svæði ætluð sem rúlluplön, merkt 5 og 9 á deiliskipulagsuppdrætti. Heimilt er að losa allt að 4.000 m³ á svæðið sem er norðan hesthúshverfis í Almanadal og allt að 1.000 m³ á svæði sem er austan Fjárborgar. Alls 5.000 m³ í heildina. Ekki er heimilt að losa annað efni frá skipulagssvæðinu né uppgröft eða annað efni af svæðum utan deiliskipulagsins. Ef ekki næst að jafna yfirborðið á þessum svæðum með jarðvegsefni af nýbyggingarlóðunum er heimilt að leggja út burðarlag úr viðurkenndri námu til að ganga frá yfirborði plansins. Sækja þarf um starfsleyfi áður en losun verður heimiluð.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 6. september 2023 og í borgarráði þann 14. september 2023.

Tillagan var auglýst frá 16. júní 2023 til 28. júlí 2023.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2023.



